

# Morgunblaðið

20. tbl. 60. árg.

MIÐVIKUDAGUR 24. JANÚAR 1973

Prentsmiðja Morgunblaðsins.



Washington:

## Varnar málin rædd í dag

Washington, 23. janúar. AP.

EINAR Ágústsson, utanríkisráðherra Íslands byrjar viðræður sínar við bandaríska embættismenn á morgun, miðvikudag, um varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna almennt og svo sérstaklega um framtíð varnarstöðvarinnar í Keflavík. En ráðherrann hafði gert það ljóst fyrir komu sína á mánudagskvöld, að viðræður hans í Washington yrðu könnunarviðræður í eðli sínu og ekki væri að vænta neinnar ákvörðunar.

Haft var eftir íslenska sendiráðinu í Washington, að Einar Ágústsson myndi ekki eiga viðræður við bandaríska ráðamenn í dag, þriðjudag, en byrja viðræður sínar á morgun með því að ræða við Walter Stoessel, aðstoðarutanríkisráðherra og aðstoðarmann hans, George Springsteen. Gert er ráð fyrir því, að síðan muni Einar Ágústsson svo ræða við William P. Rogers utanríkisráðherra á fimmtudag.

Þá eru áformaðar viðræður Einars Ágústssonar við aðstoðar utanríkisráðherrana Marshall Green, sem fer með málefni Austurlanda fjær og Joseph Sisco, sem fer með málefni landanna fyrir botni Miðjarðarhafsins.

Hver við annan spúa gígarnir á Heimaey eldi og elmyrju aðeins um 150 metra frá austustu húsunum í Vestmannaeyjum.  
Ljós. Mbl. Ól. K. M.  
— Sjá eldgossfréttir á bls.: 2, 3, 10, 11, 12, 13, 14, 15 og 32.

### Morgunblaðið í dag ....

Fréttir og annað efni Morgunblaðsins í dag fjalla að mestu um eldgosíð í Vestmannaeyjum.

Viðtal við bæjarstjórnann í Eyjum  
Verðmæti fasteigna í Eyjum  
Eldgosíð um hádegisbil  
Skattgreiðendur spyrja  
Almannavarnir

Umsögn Sveins Jakobs-sonar, jarðfræðings	10
Verðmæti frystra fiskafurða í Eyjum	11
Umsögn Sigurðar Þórarinnssonar	11
Frá Þorlákshöfn	12
Viðbrögð erlendis	13
Heimsókn í skóla og sjúkrahús	14—15
Þjóðaráfall nefnist forystugreinin	16
Fréttaspjall fjallar um fréttaflokkning Mbl.	
af eldgosinu	16
Æviferill	
Lyndóns Johnsons	17
Ávarp biskups	19
Ræða forsætisráðherra	19
Íþróttir	30

## Friður í Vietnam?

Washington, 23. jan. AP.NTB  
**RICHARD Nixon** Bandaríkjaforseti hugðist ávarpa þjóð sína kl. 3 í nótt (ísl. tími) í sjónvarpi og útvarpi og var talið, að hann myndi kunna gera, að Bandaríkin og Norður-Vietnam hefðu komist að samkomulagi um friðarsamninga, sem undirritaðir yrðu senn af hinum stríðandi aðilum í Vietnam.

Það var blaðafulltrúi forsetans, Ronald Ziegler, sem skýrði frá því í kvöld, að forsetinn hygðist gera þjóð sinni grein

fyrir gangi friðarviðræðnanna í París síðustu daga. Ziegler vildi ekki staðfesta, að forsetinn myndi lýsa því yfir, að friðarsamningarnir væru tilbúnir. Aður en forsetinn skyldi halda ræðu sína, ætlaði hann að halda fund með ríkisstjórn sinni og síðan með leiðtogum beggja þing deilda Bandaríkjaþings.

### KISSINGER KOMINN HEIM

Henry Kissinger, ráðgjafi Nixons forseta í Öryggismálum, hélt síðdegis í dag öllum á óvart heim til Washington, eftir að hann hafði átt fjögurra klukkustunda fund með Le Duc Tho, aðalfulltrúa Norður-Vietnama í

friðarviðræðunum. Ekki var að svo komnu máli vitað, hvort Kissinger og Tho hefðu lokið viðræðum sínum og samkomulag væri fengið eða hvort enn væru fyrir hendi málsatriði, sem Kissinger vildi fá að ræða við Nixon forseta. Hvorugur þeirra Kissingers og Thos vildi skýra fréttamönnum frá gangi viðræðnanna, en þeir kvóddust með handabandi og brosbreitt.

### SJÓNVARPSTILKYNNING THEIUS FORSETA

Í dag var lesin upp í sjónvarpi og útvarpi í Suður-Vietnam til Framhald á bls. 20.